

Bæjarráð - FW: RE: 1703443 - Landamærastöð f dýraafurðir Ísafirði

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Hjördís Þráinsdóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: RE: 1703443 - Landamærastöð f dýraafurðir Ísafirði
Málsnúmer : 2017030072
Málsaðili : Matvælastofnun
Skráð dags : 07.04.2017 10:51:24
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [Ísafjörður BIP grunnmynd.pdf](#)[Ísafjörður BIP grunnmynd.pdf](#)

From: Þorvaldur H Þórðarson [mailto:thorvaldur.thordarson@mast.is]

Sent: 7. apríl 2017 09:17

To: Gísli Halldór Halldórsson ; Þorvaldur H Þórðarson

Cc: Bjarki Rafn Kristjánsson ; Margrét Bragadóttir ; Haukur Bragason ; Sigmar Halldórsson ; Guðmundur M. Kristjánsson

Subject: RE: RE: 1703443 - Landamærastöð f dýraafurðir Ísafirði

Sæll Gísli.

MAST þakkar t póst þinn dags. 3. apríl s.l. Reynt skal eftir fremsta megni að svara spruningunum í t pósti þínum eins skilmerkilega og mögulegt er.

Varðandi það hvort sveitarfélög fjármagni landamærastöðvar, þá er slíkt ekki óþekkt. Til að mynda greiðir MAST ekki leigu fyrir aðstöðu á tveimur af þeim sjö landamærastöðvum sem til eru á Íslandi. Þá má geta þess að sums staðar í Evrópu, t.d. í Bretlandi er húsnæði landmærastöðva í eigu annað hvort sveitarfélaga eða hafnaryfirvalda. Þar er litið á slíka starfsemi sem þjónustu við innflytjendur. Að þessu leiti er ekki óeðlilegt að MAST leiti til viðkomandi sveitarfélags / hafnar um samstarf á þessum vetvangi. Það skal tekið fram að faglegur rekstur og ábyrgð á starfsemi landamærastöðva er ávallt á hendi MAST, enda væri annað óeðlilegt.

Fjárhagslegar forsendur eru vissulega mikilvægur þáttur í ákvörðun um hvar landamærastöðvar eru staðsettar, en þó ekki sá eini. Utan fjárhagslegra forsenda eru nokkrir meginþættir sem skipta máli í vali á staðsetningu landamærastöðva, eins og skipaáætlanir, hafnarskilyrði, nálgægð við nærliggjandi atvinnustarfsemi sem þarfnast slíkrar þjónusu, tegund starfsemi, fjöldi sendinga, tegund dýraafurða sem hugsanlega gætu komið á stöðina o.s.frv. Allir þessir þættir skipta máli varðandi hvar landamærastöðvar eru staðsettar á landinu og þá líka þær heimildir sem stöðin þarf að hafa til sinnar starfsemi. Ekki eru allar stöðvar á landinu með sömu heimildir. Stöðin á Ísafirði er með heimildir til móttöku á frosnum pökkuðum fiskafurðum til manneldis, en ekki t.d. fyrir kjötafurðum eða aukaafurðum dýra.

Rétt er að benda á að kostnaður vegna starfrækslu landamærastöðvarinnar á Ísafirði hefur verið á bilinu ca. 13 – 14 milljónir króna á síðustu 5 árum, sem gerir ca 2,6 – 2,8 milljónir króna á ári á fyrrnefndu tímabili. Á þeim tíma komu 9 sendingar á stöðina, en ekki nema í 4 skipakomum þar sem nokkrar sendingar komu í einni og sömu skipakomunni. Þetta gerir ca 1,45-1,55 mkr per sendingu eða ca. 3,2-3,5 mkr per skipakomu. Um er að ræða innflutning á frosnum fiskafurðum í gámum. Augljóst er að hér er um verulegan kostnað að ræða. Hávær krafa er um hagræðingu í opinberum rekstri og því má teljast eðlilegt að stofnunin forgangsraði verkefnum til samræmis. Bent skal á að á stöðvum með ámóta fáar sendingar er ekki greidd leiga fyrir húsnæði. Eru þetta fordæmi sem vísað er til hér að ofan. Þá var stöðinni á Húsavík lokað 2014 vegna fátækrar sendinga og til hagræðingar. Sveitarfélög á því svæði gerðu, á þeim tíma, ekki athugasemdir við ráðstöfunina.

Varðandi húsnæði sem þarf til starfsemi landamærastöðva skal bent á reglugerð nr. 1044/2011 um eftirlit

með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES, viðauka D, <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/sjavaroglandbunadar/nr/17939> Viðauka er að finna í pdf útgáfu reglugerðarinnar. Í grófum dráttum þarf að vera skrifstofuaðstaða, búnigsherbergi / -aðstaða, hreinlætisaðstaða þ.e. salerni og vaskur o.þ.h., handlaug við inngang á hreint svæði eftir búningsherbergi, móttökusvæði fyrir vörur, svæði til skoðunar á vöru og síðan rannsóknarherbergi þar sem hægt er að framkvæma skynmat og ganga frá sýnum. Þar sem verið er að meðhöndla matvæli þarf að vera auðvelt að þrifa gólf og vegg. Stöðin þarf að vera útbúin frystikistu og kælikáp. Auk þess þarf stöðin að hafa aðgang að stærra frystirými sbr. Vestra h.f. Stöðin þarf að vera staðsett innan skilgreinds tollsvæðis. - Varðandi samnýtingu aðstöðu, þá er ekki heppilegt að svo sé, því stöðin þarf að uppfylla kröfur ESA / ESB og eru úttektir af þeirra hálfu framkvæmdar með nokkurra ára millibili. Það eina sem hugsanlega kæmi til greina að samnýta væri skrifstofuaðstaða. Best væri ef innangengt væri úr stöðinni hana, eða hún mjög nærri. Sendi hér með uppdrátt af núverandi aðstöðu á Ísafirði til glöggvunar. Í ljósi þess að leigusamningi á núverandi húsnæði hefur verið sagt upp og þeirri staðreynd að leiga kemur til með að hækka verulega taldi MAST ekki óeðlilegt í að leita til sveitarstjórnar/hafnarstjórnar um mögulega aðkomu þeirra að rekstri landamærastöðvarinna og þá fyrst og fremst á grundvelli þess að um þjónustu er að ræða við innflytjendur sem með einhverjum hætti tengjast atvinnustarfsemi á svæðinu. Slíkt gæti þá verið styrkur fyrir nærsamfélagið á Vestfjörðum. Vona að þetta skýri málið nægilega, ella er þér velkomið að vera í sambandi á ný. Með ósk um sæmilega skjót viðbrögð og með góðum kveðjum vestur,

Þorvaldur fh MAST

From: Gísli Halldór Halldórsson
Sent: 3.4.2017 13:38:58
To: Þorvaldur H Þórðarson
CC: Bjarki Rafn Kristjánsson; Margrét Bragadóttir; Haukur Bragason; Sigmar Halldórsson; Guðmundur M. Kristjánsson
Subject: RE: 1703443 - Landamærastöð f dýraafurðir Ísafirði

Sæll Þorvaldur.

Ég þakka þér fyrir erindið um landamærastöðina.

Í framhaldi af umfjöllun bæjarráðs óska ég eftir upplýsingum um það hvort eðlilegt er að sveitarfélagið gangi með þessum hætti inn í að fjármagna Matvælastofnun og hvort fjöldi Landamærastöðva verði eingöngu ákveðinn á fjárhagslegum forsendum framvegis. Einnig óska ég eftir upplýsingum um mikilvægi þess að þjónustan verði áfram til staðar á Ísafirði.

Síðast en ekki síst óska ég eftir upplýsingum um hvernig húsnæði gæti fullnægt þörfum Matvælastofnunar fyrir landamærastöð, er til dæmi nóg að þið fáið inni í húsnæði sem við notum annars samhliða í öðru skyni? Ef svo er, hvað kröfur þarf þá húsnæðið að uppfylla.

Eftirfarandi er bókun bæjarráðs:

2017030072 - Rekstur landamærastöðvar á Ísafirði vegna innflutnings á dýraafurðum frá ríkjum utan EES

Lagður fram tölvupóstur Þorvalds Þórðarsonar, f.h. Matvælastofnunar, dagsettur 20. mars sl., ásamt bréfi um rekstur landamærastöðvar á Ísafirði vegna innflutnings á dýraafurðum frá ríkjum utan Evrópska Efnahagssvæðisins. MAST vill með bréfinu kanna vilja Ísafjarðarbæjar til að greiða leigu fyrir húsnæði landamærastöðvarinnar, eða til að leggja til húsnæði fyrir starfsemina.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla upplýsinga um hvernig húsnæði þeir eru að leita eftir og hvers vegna sveitarfélög en ekki ríki eigi að standa undir kostnaðinum við rekstur landamærastöðvar.

Með óskum um gott samstarf.

Gísli H. Halldórsson

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: gisli@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.

image001.jpg

The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*

From: thorvaldur.thordarson@mast.is

Sent: 20.3.2017 13:15:03

To: Ísafjarðarbær; Guðmundur M. Kristjánsson

CC: bjarki.kristjansson@mast.is; margret.bragadottir@mast.is; haukur.bragason@mast.is; sigmar.halldorsson@mast.is

Subject: 1703443 - Landamærastöð f dýraafurðir Ísafirði

Góðan daginn.

Vinsamlegast veitið athygli meðfylgjandi bréfi varðandi ofangreint erindi.

Staðfesting móttöku þessa erindis er óskað.

Mbk og fh MAST,

Þorvaldur H. Þórðarson.

Með kveðju, / Best regards,

Þorvaldur H. Þórðarson / Thorvaldur H. Thordarson

Framkvæmdastjóri inn- og útflutningsmála / Manager of import and export

Inn- og útflutningssmál / Office of Import and Export

image001.jpg

Umdæmisskrifstofa - Stórhöfða 23 - IS-110 Reykjavík

Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax : (+354) 530 4801

www.mast.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Please note that this e-mail and it's attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.